

Nd.

537. Nefndarálit

[124. mál]

um frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Er hún sammála um nauðsyn löggjafar um þetta efni, en hefur hins vegar ekki orðið ásátt um einstök atriði frv. og því ekki náðst samkomulag um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. er ljós nauðsyn þess, að settar verði almennar reglur um veitingu ríkisábyrgða, er komi þeim í fastara form, meiri hófsemi verði gætt við veitingu þeirra og betra aðhald haft með endurgreiðslum, svo að verulega dragi úr síhækkandi útgjöldum ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánnum. Telur hann, að frv. þetta miði að því marki, og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1961.

Birgir Kjaran,
form., frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Jóhann Hafstein.